9. gr. 149

Á hverju hreppaskilaþingi skulu lækningamenn brýna fyrir hreppsbúum, að taka alla þá sulli, sem finnast í slátruðu fje og brenna þá. Sömuleiðis skulu þeir iðulega áminna menn um að umgangast hunda mjög varlega og hafa sterka gæzlu á því, að þeir nái ekki í matarílát, eða vatnsílát. Börnum skal ekki leyft að leika sjer að hundum.

10. gr.

Vanræki lækningamenn að framfylgja þessari reglugjörð, varðar það 5—10 kr. sektum, eptir málavöxtum. Sje hundi skotið undan lækningu, af ásettu ráði, eða hirðuleysi, eða sje lækningamönnum sýnd óhlýðni eða mótþrói varðar það 5—10 kr. sektum eptir málavöxtum.

Sektirnar renna í sveitarsjóð.

11. gr.

Með brot gegn reglugjörð þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

* * *

Framanrituð reglugjörð var samþykkt af sýslunefndinni í Suðurþingeyjarsýslu á aukafundi hennar 5. júlí 1897.

Skrifstofu Þingeyjarsýslu, 18. sept. 1897.

Steingrímur Jónsson
settur.

Skýrsla 150

um efnahag sýsluvegasjóða í Austuramtinu 1896.

I. Norðurþingeyjarsýsla.

Tekjur:

Sjóður frá f. á.	kr. 104,03	
Sýsluvegagjald	— 285,00	
Skuld sjóðsins	— 17,47	kr. 406,50

Gjöld:

Kostnaður sjóðsins	— 406,50

II. Norðurmúlasýsla.

Tekjur:

Sýsluvegagjald	kr. 915,00	
Lán tekið á árinu	— 2000,00	
Skuld við reikningshaldara	— 199,22	kr. 3114,22

Gjöld:

Borguð skuld frá f. á.	kr. 1650,86	
Annar kostnaður sjóðsins	— 1463,36	— 3114,22

150 III. Suðurmúlasýla:

Tekjur:

Sjóður frá f. á.	kr. 1261,41	
Sýsluvegagjald	— 1263,75	kr. 2525,16

Gjöld:

Kostnaður sjóðsins	kr. 1540,89	
Sjóður til næsta árs	— 984,27	kr. 2525,16

II. Austurskaptafellssýsla:

Tekjur:

Sýsluvegagjald	kr. 268,75

Gjöld:

Borguð skuld frá f. á.	kr. 15,30	
Annar kostnaður sjóðsins	— 211,00	
Sjóður til næsta árs	— 42,45	kr. 268,75

Skrifstofu Austuramtsins, Akureyri 23. júlí 1897.

Páll Briem.

Embættisskipan.

30. septbr. var *yfirrjettarmálafærslumaður Eggert Briem* settur af landshöfðingja til þess að þjóna á eigin ábyrgð *sýslumannsembættinu í Skagafjarðarsýslu,* frá 1. oktbr. 1897 að telja

Styrkur handa aukalækni.

23. septbr. var *læknaskólakandídat Ólafi Thorlacius* veittur styrkur sem *lækni í Breiðdals-, Beruness- og Geithellnahreppum í Suðurmúlasýslu,* frá 1. október 1897 að telja.

Heiðursmerki.

1. september voru *prófastur í Árnesspróf astsdæmi síra Valdimar Briem* og *skólastjóri Torfi Bjarnason* í Ólafsdal allramildilegast sæmdir riddarakrossi Dannebrogsorðunnar.

S. d. var *Hallgrímur hreppstjóri Jónsson* á Staðarfelli sæmdur heiðursmerki dannebrogsmanna.

Óveitt embætti,

er ráðgjafinn fyrir Íslandi sjer um veitingu á því.

Hjeraðslæknisembættið í 13. læknishjeraði Íslands. Árslaun: 1500 kr.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, verða þeir samkvæmt konungsbrjefi 8. apríl 1844 og konungsúrskurðum 27. maí 1857 og 8. febrúar 1863, að láta bónarbrjefum sínum fylgja fullnægjandi skilyrði fyrir því að þeir kunni íslenzka tungu.

Auglýst laust 17. septbr. 1897.

Umsóknarfrestur til 14. desbr. 1897.